

Fiskrannsóknir á Hrútsvatni.

Magnús Jóhannsson

Selfossi, mars 1989. VMST-S/89004X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD
Eyrarvegi 21, 800 Selfossi.

FISKRANNSÖKNIR A HRÚTSVATNI.

Samantekt.

Í þessari skýrslu er fjallað um athuganir sem fram fóru á fiski úr Hrútsvatni í júlí 1988. Hrútsvatn er 220 ha stórt en grunnt vatn í neðanverðri Rangárvallasýslu. Lögð voru tilraunanet í vatnið. Afli í lögn var 3.6 fiskar. Eingöngu veiddust urriðar. Urriðarnir voru smáir (17-28 sm) og ungir (1-3 ára). Vöxtur þeirra virðist góður fyrstu 3 sumrin en á 4. sumri dregur úr vexti. Hrútsvatn virðist þétt setið fiski. Bent er á að til bóta væri að hækka í vatninu. Við það myndu lífsskilyrði fyrir fisk batna.

Inngangur.

Í þessari skýrslu er fjallað um athugun sem fram fór á Hrútsvatni dagana 20.-21. júlí 1988. Athugunin var gerð að beiðni Veiðifélags Hrútsvatns.

Hrútsvatn er í neðanverðri Rangárvallasýslu. Stærð þess er um 220 ha og það er í 3,5 m hæð yfir sjávarmáli. Vatnið er grunnt, á stórum svæðum aðeins 0,5-1,0 m og mesta dýpi er um 1,5 m. Í botni er leðja og vatnið gruggast auðveldlega í hvassviðri. Grýtt er að hluta með norðurströndinni en hrygningarskilyrði eru léleg. Aðrennsli er einkum um gil að norðanverðu, en úr því rennur í Andalæk sem fellur í Frakkavatn en úr Frakkavatni rennur í Þjórsá. Svo getur lækkað í vatninu að ekki renni úr því. Lítilsháttar netaveiði hefur verið stunduð í vatninu á undanförunum árum, en ekki reglulega.

Fyrir allmörgum árum var sleppt bleikjuseiðum í vatnið og varð síðar vart við bleikju í vatninu. Sumarið 1987 var sleppt um 3.000 sumaröldum urriðaseiðum (um 7 sm) í vatnið hjá Asmúla.

Framkvæmd.

Lögð voru tilraunanet í norðurhluta vatnsins neðan undir Asmúla. Veitt var með átta netum með möskvastærðum frá 19,5-53 mm. Þau láu í um 25 tíma sem gerir 7,4 lagnir (ein lögn = eitt net í einn sólarhring). Ein netaruna með 7 netum af 21,5 - 45 mm möskvastærð lá yfir nótt (um 22 tíma) og átta net af möskvastærð 19,5 - 53 mm að degi (3 tímar). Afli í þessa netarunur ætti að gefa nokkuð rétta mynd af hlutfallslegum fjölda fiska í vatninu sem eru á lengdabilinu 18-51 sm.

Afli var veginn, lengdarmældur, kyn og kynþroski ákvarðaður og fæða og magafylli athuguð. Hreistri og kvörnum var safnað til aldursákvörðunar. Reiknaður var holdastuðull ($K = \frac{\text{Þyngd}}{\text{Lengd}^3}$) sem gefur upplýsingar um holdafar.

Niðurstöður og ályktanir.

Afli varð 27 urriðar eða að meðaltali 3,6 urriðar í lögn. Þetta er fremur lítill afli sem kann að stafa af því að strekkingur var af austri og því veður óhagstætt til veiða. Allir utan einn veiddust í netin sem láu yfir nóttina. Flestir veiddust í 21,5 mm netin (11), 4 í 22,5 mm, 7 í 25,0 mm, 4 í 30,0 mm og 1 í 40,0 mm. Í önnur net veiddist ekki. Urriðarnir voru fremur smáir eða frá 16,5-28,0 sm og 54-246 g (mynd 1).

Urriðarnir reyndust ungir eða eins- þriggja ára. Flestir voru þriggja ára. Allir eins árs urriðar reyndust vera sleppiseiði. Vöxtur urriðanna var ágætur 3 fyrstu sumrin en á 4. sumri (þriggja ára urriði) virðist draga úr vexti (tafla 1).

Tafla 1. Meðallengdir, meðalþyngdir og fjöldi urriða eftir aldri. Hrútsvatn 21. júlí 1989.


	1 *		ALDUR AR		3	
	LENGD SM	ÞYNGD G	LENGD SM	ÞYNGD G	LENGD SM	ÞYNGD G
	18,0	66	20,1	91	25,5	177
FJOLDI	10		4		13	

*sleppiseiði

Tafla 2. Fæða urriða úr Hrútsvatni, 21. júlí 1989.

Fæðugerð	Hlutfallsleg tíðni (%)
----------	------------------------

Hornsíli	17
Vatnaskel	17
Vatnaflær	75
Vatnatítur	8



Mynd 1. Lengdardreifing urriða úr Hrútsvatni.

Aðeins einn urriði var kynþroska, þriggja ára 28,0 sm og 246 g hrygna.

Magainnihald var athugað hjá öllum urriðunum en aðeins 12 voru með fæðu. Magafylli var því yfirleitt lítil, og að meðaltali um 18,5 %. Algengasta fæðan var vatnaflær og fundust þær í 75 % urriða sem voru með fæðu (tafla 2).

Holdastuðull var frá 0,92-1,25 og að meðaltali 1,1, sem telst gott.

Í samanburði við athugun sem gerð var á afla úr Hrútsvatni haustið 1987 eru niðurstöður þessarar könnunar svipaðar. Þá voru athugaðir 25 urriðar og ein bleikja sem veiðst höfðu í 29 og 31 mm net við Asmúla. Urriðarnir voru 2-5 ára og frá 24,5 til 33,5 sm langir. Bleikjan var 2ja ára og 31,5 sm. Tveir urriðar voru kynþroska.

Í Hrútsvatni virðist vera ungur og smár urriði sem vex vel fyrstu 3 sumrin. Á fjórða sumri dregur úr vexti og jafnframt tekur að bera á kynþroska. Trúlega er vatnið þétt setið urriða. Yngri urriði virðist fá næga fæðu til að vaxa en fæðuframboð virðist takmarkað fyrir stærri urriða. Skýringin kann að vera skortur á nægilega stórum fæðudýrum svo sem hornsíli og vatnabobba sem gjarna er algeng fæða hjá urriðum í vötnum. Vatnið yfist fljótt í vindi og vegna þess hversu það er grunnt gruggast það einnig fljótt. Þetta hefur eflaust neikvæð áhrif á botngróður í vatninu en hann er undirstaða dýralífs í grunnum vötnum. Skýringin á því að lítið veiddist af stórum urriðum í vatninu kann einnig að vera sú að hluti af stofninum gangi til sjávar. Sjógenginn urriði (sjóbirtingur) gengur að vori í sjó og í ferskt vatn að hausti og fram á vetur.

Kynþroskastærð fiska er auk fæðuframboðs bundin erfðum. Því getur skýringin á lítilli kynþroskastærð og smáum urriða í Hrútsvatni legið í erfðaeiginleikum urriðanna. Sleppiseiðin sýndu ágætán vöxt og væri fróðlegt að fylgjast með hvort þau nái að verða stærri en urriðinn sem fyrir er í vatninu. Bleikju sem sleppt var í vatnið virðist ekki hafa náð að fjölga sér, þó þarf að veiða mun víðar í vatninu til að geta nokkuð fullyrt um það því það hefur sýnt sig að tegundirnar kunna að vera staðbundnar. Ekki er ólíklegt að bleikja geti vaxið vel í vatninu. Að svo komnu máli tel ég þó ekki ráðlegt að sleppa meiru af seiðum.

Aðstæður til hrygningar virðast lélegar. Lækir sem renna í vatnið eru litlir og heppilega hrygningarmöl er óviða að finna. Urriði hrygnir í rennandi vatni. Bót væri í að setja mól á staði þar sem rennslis gæti, t.d. í útfallinu.

Hrútsvatn er mjög grunnt á stórum svæðum (<1). Hætt er við að slíkt dýpi sé ekki nóg til að silungur geti lifað af veturinn, a.m.k. ef þykkur ís er um lengri tíma. Það væri því til bóta að reyna að hækka í vatninu. Mikilvægt er að vatnsstaðan sé sem hæst þegar það er ísi lagt.

Best er að nýta silung í vötnum þannig að mesta veiðiálagið sé á fisk sem er að verða kynþroska en er enn í fullum vexti. Eins og ástætt virðist vera í Hrútsvatni nú er rétt að veiða með 30 mm eða grófari netum. Veiðiálagið má vera töluvert. Nýting með stangveiði kemur einnig til greina og getur verið samhliða netaveiðinni. Rétt væri að reyna veiðar að vetrarlagi eða snemma vors til að athuga hvort þá sé hægt að fá sjógenginn fisk. Nauðsynlegt er að halda skýrslu um veiðarnar. Vel færðar veiðiskýrslur styrkja veruleg alla veiðiráðgjöf.

Grunn láglendisvötn eins og Hrútsvatn eiga að geta gefið af sér allt að 30 kg af silungi á ha árlega. Heildarsilungsveiði úr vatninu ætti því að geta orðið um 6,5 tonn á ári.

Frekari ráðgjöf um nýtingu og fiskrækt í Hrútsvatni þyrfti að byggjast á viðameiri könnun þar sem veitt yrði með tilraunanetum víðs vegar um vatnið.